

## Samstarfsyfirlýsing um hvata til að draga úr kolefnisspori íslensks sjávarútvegs

Ríkisstjórnin hefur sett metnaðarfulla stefnu fyrir Íslands hönd í loftslagsmálum. Eitt meginmarkmið ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum er að draga úr losun gróðurhúsa-lofttegunda svo Ísland nái markmiði Parísarsamningsins árið 2030 og kolefnishlutleysi árið 2040. Kröfur til ríkja heims um frekari metnað í loftslagsmálum munu einnig aukast á næstu árum. Þessum markmiðum verður ekki náð nema að allir leggi hönd á plóg, atvinnulífið þar með talið.

Í nýuppfærðri aðgerðaáætlun í loftslagsmálum er lögð áhersla á aðgerðir tengdar einstökum atvinnugreinum. Það er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem segir að stutt skuli við atvinnugreinar, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög í þeirri viðleitni að setja sér loftslagsmarkmið. Til þess að Ísland nái markmiðum sínum skiptir máli að atvinnulífið taki mið af loftslagsmarkmiðum stjórnvalda við ákvarðanatöku; til dæmis við fjárfestingar, endurnýjun búnaðar, almennan rekstur og kolefnisbindingu.

Íslenskur sjávarútvegur hefur náð markverðum árangri í að draga úr olíunotkun. Tækifæri til að gera betur eru þó enn umtalsverð en losun innlendra og erlendra fiskiskipa er um fimmtungur af losun á ábyrgð Íslands. Kælimiðlar standa einnig að baki um 7% losunar, en um helmingur hennar á rætur sínar í sjávarútvegi.

Ljóst er að samdráttur í losun frá sjávarútvegi skiptir miklu máli svo Ísland standist alþjóðlegar skuldbindingar og nái kolefnishlutleysi. Í aðgerðaáætlun stjórnvalda er stefnt að því að samdráttur í losun innan greinarinnar verði um 50-60% árið 2030 miðað við árið 2005. Þrátt fyrir að mikill árangur hafi náðst á undanförunum árum er ljóst að metnaðarfullar en raunhæfar aðgerðir eru nauðsynlegar á þessum vettvangi. Leita þarf allra leiða til að draga úr losun, greina tækifæri, auka þekkingu á loftslagsmálum og styðja við aðgerðir til þess að binda kolefni eftir viðurkenndum leiðum. Þá er brýnt að innleiða fjárhagslega hvata, til dæmis grænar ívilnanir, til að flýta útfösun á kælimiðlum og samdrætti í notkun jarðefnaeldsneytis. Það er raunhæft markmið að íslenskur sjávarútvegur verði kolefnishlutlaus og það mun skapa mikil tækifæri til þess að hámarka virði þeirra verðmæta sem felast í auðlindum hafsins.

Það er sameiginlegt verkefni stjórnvalda og sjávarútvegsins að skapa umgjörð svo greinin geti haldið áfram að leggja sitt af mörkum til þeirra nauðsynlegu skrefa sem stíga þarf í loftslagsmálum, bæði til skemmri og lengri tíma. Því er lagt til að komið verði á formlegu samstarfi stjórnvalda og sjávarútvegsins til að tryggja að markmiðum Íslands í loftslagsmálum verði náð. Í því skyni mun starfshópur skipaður af fjármála- og efnahagsráðherra eiga formlegt samstarf við fulltrúa greinarinnar með það að markmiði meðal annars að vinna:

- Tillögu að umfangi samdráttar í losun frá sjávarútvegi til ársins 2030
- Tillögur um innleiðingu fjárhagslegra hvata vegna meðal annars fjárfestinga í búnaði og kerfum sem sannarlega minnka orkunotkun og styðja við kolefnisbindingu og útfösun kælimiðla
- Tillögur um hvernig megi auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í sjávarútvegi
- Tillögur varðandi íblöndun lífoldsneytis og fýsileika þess í rekstrarlegu tilliti

Um 98% af íslensku sjávarfangi er selt á erlendum mörkuðum. Líta þarf til þess að þær aðgerðir sem ráðist er í dragi ekki úr samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs. Þvert á móti, skal að því miðað að tryggja samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og nýta þannig tækifæri sem felast í því að geta boðið fiskafurðir úr stofnum sem nýttir eru með sjálfbærum hætti og með kolefnishlutlausum veiðum. Neytendur eru farnir að láta sig þessi mál varða með mun

ákveðnari hætti en áður og nú þegar sjást þess glögg merki innan ákveðinna aldurshópa. Afrakstur þess samstarfs stjórnvalda og sjávarútvegs, sem hér er hleypt af stokkunum, getur orðið grundvallarþáttur í því að auka eftirspurn eftir heilnæmum íslenskum fiski og ná markverðum árangri í loftslagsmálum í sjávarútvegi, til hagsældar fyrir íslenskt samfélag.

Reykjavík, 3. júlí 2020